



Búnaðarsamband Austurlands  
Miðvangi 4  
700 Egilsstaðir

Alþingi  
Erindi nr. þ 135/2601  
komudagur 8.5.2008

Svar við bréfi Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar alþingis dagsett 21. apríl 2008 er varðar umsögn um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál.

Stjórn BsA átelur þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við gerð þessa frumvarps þar sem ekkert samráð var haft við svo mikilvægan hagsmunaaðila sem bændasamtökin eru. Enn vantar allar reglugerðir, og tími til þess að fara yfir þetta mikilvæga mál og átta sig á eðli þeirra breytinga sem það mun hafa í för með sér, er allt of stuttur. Treystum við kjörnum þingmönnum til að skoða vandlega hvaða afleiðingar samþykkt þessa frumvarps getur haft áður en þeir taka afstöðu til þess og kynna sér vandlega þær athugasemdir sem bændasamtök Íslands gera við það. Að öðru leyti vísun við til tveggja ályktana aðalfundar Búnaðarsambands Austurlands 2008 sem fylgja hér með.

Aðalfundur BsA 2008 beinir því til kjörinna fulltrúa þjóðarinnar, að þeir sjái til þess að við endurskoðun á undanþágu á viðauka við EES reglugerð 178/2002 verði í engu slakað á dýralæknahjónustu við hinar dreifðari byggðir landsins. Jafnframt skorar aðalfundurinn á þingmenn sína að þeir tryggi nægjanlegt fjármagn til að svo megi verða.

#### **Greinargerð:**

Aðalfundarfulltrúum er það til efs að sú mikla breyting á störfum Héraðsdýralækna sem boðuð er í þingskjali 825 sé nauðsynleg til að standa við skuldbindingar vegna EES. Þessi breyting hefur engan fjárhagslegan ávinnig í för með sér nema síður sé. Jafnframt óttast fundurinn að þjónusta við hinar dreifðari byggðir skerðist verulega verði framlögð endurskoðun samþykkt óbreytt.

Samþykkt samhljóða.

Aðalfundur BsA 2008 varar eindregið við að samþykkt verði frumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágu frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða - eins og það birtist í þingskjali 825 á yfirstandandi löggjafarþingi.

#### **Greinargerð:**


Verði frumvarpið að lögum getur það haft afdrifaríkar og óafturkræfar afleiðingar fyrir heilbrigði búfjár, matvælotryggi í landinu og fyrir íslenska kjötframleiðslu. Staða Íslands sem eyrkis er um margt sérstök hvað varðar búfjárheilbrigði og matvælaöryggi og það er algjört grundvallaratriði fyrir áframhaldandi velferð þjóðarinnar að tryggja þá sérstöðu áfram og viðhalda henni. Lítt undirbúin opnun á innflutningi á hráu kjöti, eins og virðist blasa við verði frumvarpið óbreytt að lögum, teflir góðri stöðu í búfjárheilbrigði á Íslandi í voða. Þekkt er að ýmiss Evrópusambandslönd glíma við alvarlega búfjárjúkdóma sem Ísland hefur sloppið við, enda hefur síðustu 70 árin verið haldið fast við takmarkanir á innflutningi á hráu kjöti. Þannig hefur verið hægt að verjast sjúkdómum af ýmsu tagi, svo sem gin- og klaufaveiki, kúariðu, hundaeði, camfylobacter o.fl.

Auk þess á íslenskur kjötmarkaður undir högg að sækja vegna hækkandi verðs á aðföngum, niðurfellingu útflutningsskyldu á dillakjöti o.fl. og því mun opinn innflutningur á hráu kjöti geta haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir kjötframleiðslu og kjötvinnslu á Íslandi.

Með þessu er jafnframt verið að stofna heilbrigði þjóðarinnar og matvælaöryggi landsins í hættu!

Samþykkt samhljóða.

Egilsstöðum, 30. apríl 2008

  
Rúnar Ingi Hjartarson  
Frankvæmdastjóri